

# Eystrahorn

35. tbl. 36. árgangur

Fimmtudagurinn 4. október 2018

www.eystrahorn.is

## Tölt með tilgangi

Alheimshreinsunardagurinn (world cleanup day) fór ekki framhjá Hornfirðingum enda efndu Umhverfissamtök Austur-Skaftafellssýslu til hreinsunarátaks með íbúum í tilefni dagsins, 15. september síðastliðin. Viðburðurinn, sem kallaðist Tölt með Tilgangi, fór frá Nýheimum kl. 13 og tóku alls um 40 manns þátt. Meiri hluti bæjarins var genginn og fylltust margir pokar af allskonar rusli, helst má nefna einnota plast og sigrettustubba. Að töltinu loknu bauð Umhverfisnefnd Sveitarfélagsins til Seljavallarborgara í Skreiðarskemmuni þar sem við áttum góða stund saman.

Síðast liðið ár hafa Umhverfissamtökin haldið tvo stóra viðburði, strandhreinsun á Breiðamerkursandi síðastliðið haust og nú í vor strandhreinsun í Óslandi. Í vetur ætlum við að huga betur að nærsamfélaginu og fara reglulega í stuttar tölt ferðir um og í nágrenni Hafnar. Töltið er hugsað sem skemmtileg fjölskylduafþreying og auðveld hreyfing fyrir alla aldurshópa. Við hvetjum alla til að leggja sitt á vogarskálarnar því öll viljum við búa í hreinu og fallegu samfélagi og sporna



gegn því að plast og annað rusl brotni niður í náttúrunni. Næsta Tölt verður farið laugardaginn 13. október kl. 11 frá tjaldsvæðinu og ætlum við að stefna þaðan eftir strandlengjunni inn í sveit, eftir því sem tíminn leyfir. Áhugasamir

eru hvattir til að líka við facebook síðuna okkar "Umhverfissamtök Austur-Skaftafellssýslu" þar sem við auglýsum alla viðburði samtakanna.

## Forvarnardagurinn 2018



Nokkur orð um forvarnir og mikilvægi þeirra.

Í nútíma samfélagi þar sem hraðinn er orðinn meiri og tíminn lítill er mjög mikilvægt að efla vitund fólks og vitneskju um gæði þess að stunda heilbrigða lífshætti. Heilsuefling þarf að vera byggð á því að sem flestir taki

þátt bæði heilbrigðiskerfið en einnig aðrir sem standa utan hefðbundinnar heilbrigðisþjónustu. Forvarnir miða að því að bæta heilbrigði, fyrirbyggja sjúkdóma og gera okkur þannig kleift að greina frávik svo beita megi snemmtækri íhlutun og hindra þannig sjúkdóma og fylgikvilla þeirra.

Forvarnardagur ÍSÍ er 3. október og hann er einmitt helgaður nokkrum heilaráðum sem geta forðað börnum og unglíngum frá fíkniefnum, þetta eru ráð sem eiga erindi við allar fjölskyldur á landinu.

Ungmennir sem verja í það minnsta einni klukkustund á dag með fjölskyldu sinni eru síður líkleg til að neyta fíkniefna.

Ungmennir sem stunda íþróttir og skipulagt æskulýðsstarf eru síður líkleg til að neyta fíkniefna.

Því lengur sem ungmenni bíða með

neyslu á áfengi þeim mun ólíklegra er að þau verði fíkniefnum að bráð.

Það er mikilvægt að við sem fjölskyldur og samfélag stöndum saman því fíkniefni minnka lífsgæði fólks svo um munar. Neysla á fíkniefnum skerðir frelsi þeirra sem neyta þeirra, rænir þau tækifærum og upplifunum, hindrar þau í því að láta drauma sína rætast.

Tökum höndum saman, skiptum okkur af, sýnum áhuga, gefum okkur tíma, hvetjum ungmennin okkar áfram og tökum ábyrgð.

Ragnheiður  
Rafnsdóttir, skóla-  
hjúkrunarfræðingur  
Grunnskóla  
Hornafjarðar og  
Framhaldsskólans í  
A-Skaftafellssýslu.





## Hafnarkirkja

Sunnudagaskóli kl. 11:00  
7. október

Við munum syngja, dansa, lita og hlusta á sögu.

Djús og kex eftir stundina.

Allir velkomnir.

## KAFFI HORNID

Réttur dagsins alla virka daga milli 11:30 og 14:00. Hægt er að borða á staðnum og einnig taka með ef það hentar betur.

**Verð: 1800 kr.** Súpa og kaffi fylgir rétti dagsins

### MATSEÐILL

**Fim. 4. október**

*Kótiletur í raspi*

**Fös. 5. október**

*Kjötbollur, kartöflumús og lauksósa*

**Mán. 8. október**

*Grísahnakki, steiktur kartöflur og grænmeti*

**Pri. 9. október**

*Nautagúllas og kartöflumús*

**Mið. 10. október**

*Fiskibollur og karrýsósa*

**Fim. 11. október**

*Kótiletur í raspi*

*Einnig bjóðum við uppá alls konar tilboð yfir fótboltaleikjum, bæði í mat og drykk.*

*Hægt er að sjá allan matseðilinn fyrir október á facebook síðu Kaffi Hornsins.*

Vorum að fá smart SIGN vonar armband fyrir Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

Eilífðartáknið með VON HOPE SPES (von á íslensku, ensku og latínu)

Úrvalafnýjumvörum, fallegar stofuplöntur, haust útiblóm.

Sjón er sögu ríkari

*Húsgagna*

Verið velcomin

Símar: 478-2535 / 898-3664  
Opið: virka daga kl. 13:00 - 18:00



## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELÐRI HORNFIRÐINGA

**SAMVERUSTUND** verður föstudaginn 5. október kl. 17:00.

Halldór Tjörvi Einarsson segir frá stofnun Eystrahorns fyrir 35 árum og sýndar verða myndir frá fyrstu árum blaðsins.



## Frumherji

**Bifreiðaskoðun á Höfn**

**15., 16. og 17. október.**

Tímapantanir í síma 570-9090 fyrir kl. 16:00 föstudaginn 12. október.

Næsta skoðun 19., 20. og 21. nóvember.

**Frumherji**

*Pegar vel er skoðað*

## BLEIK HELGISTUND

Í HAFNARKIRKJU

Í tilefni af bleikum október verður bleik helgistund sunnudaginn 7. október kl. 17

Snæfríður Svavarsdóttir formaður krabbameinsfélags Suðausturlands mun kynna starfsemi félagsins. Hvetjum alla til að mæta í bleiku.

**PAKKHÚSIÐ BÝÐUR UPP Á SÚPU OG BRAUÐ EFTIR STUNDINA.**

Frjáls framlög renna óskert til krabbameinsfélags Suðausturlands. Styrkjum gott málefni sem varðar okkur öll. Verið velcomin.



## Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: ..... tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes

Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson

Prentun: ..... Litlaprent

ISSN 1670-4126

## Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur velkomnir í hópinn.

**HLS ehf.**

**Rnr. 0537-14-409068**

**Kt. 500210-2490**





## Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

### Íbúafundur í Hofgarði um Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Ingólfshöfða

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Ingólfshöfða eru í kynningu og verður opinn kynningarfundur vegna þeirra þann 10. október n.k. í Hofgarði í Örafasveit klukkan 17:00.

Undanfarið hafa fulltrúar Umhverfisstofnunarinnar, réttahafa lands og fulltrúi Sveitarfélags Hornafjarðar unnið að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í Ingólfshöfða. Drög að áætluninni er hér með lögð fram til kynningar.

Ingólfshöfði var friðlýstur sem friðland árið 1974 og er markmið friðlýsingarinnar að varðveita og viðhalda náttúrulegu ástandi svæðisins og þá sérstaklega því fuglalífi sem finnst í höfðanum.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Ingólfshöfða er ætlað að vera stefnumótandi skjal, unnið í samvinnu við réttahafa lands og sveitarfélag og er hugsað sem stjórnæki til að móta framtíðarsýn svæðisins. Markmiðið með gerð hennar er að leggja fram stefnu um verndun Ingólfshöfða og hvernig viðhalda skuli verndargildi svæðisins þannig að sem mest sátt ríki um. Í áætluninni er lögð fram stefnumótun til 10 ára, ásamt aðgerðaráætlun til fimm ára.

Þann 10. október n.k verður opinn kynningarfundur í Hofgarði í Örafasveit þar sem áhugasömum gefst tækifæri til að spyrja spurninga og koma með ábendingar og athugasemdir varðandi áætlunina.

**Fundurinn hefst klukkan 17:00 og stendur til klukkan 19:00.**

**Frestur til að skila inn athugasemdum og ábendingum er til 25. október nk.**

Hægt er að skila inn athugasemdum á heimasíðu Umhverfisstofnunar, með tölvupósti á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) eða með því að senda póst til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík,

Nánari upplýsingar veitir Þórdís Björt Sigþórsdóttir, [thordis.sigthorsdottir@umhverfisstofnun.is](mailto:thordis.sigthorsdottir@umhverfisstofnun.is) eða í síma 591-2000.



## HEILSUMHORN HSU



### Notum bílbelti og réttan öryggisbúnað

Barátta fyrir auknu umferðaröryggi snýst í grófum dráttum um tvo þætti, annars vegar að koma í veg fyrir slys og hins vegar að koma í veg fyrir alvarlega áverka í þeim slysum sem verða. Það öryggistæki sem hefur án efa skilað einna mestum ávinningi er öryggisbeltið.

#### Bílbelti

Árið 1981 voru gerðar breytingar á umferðarlögum þar sem að öikumönnum og farþegum var gert skylt að nota öryggisbelti ef þau væru til staðar í tækinu. Til að bílbelti virki sem skyldi má það ekki vera snúð og þarf að falla vel að líkama. Aldrei má setja beltí fyrir aftan eða undir handlegg heldur þarf það að sitja sem næst líkama einstaklings. Bílbeltanotkun á meðgöngu er ekki síður mikilvæg, barnshafandi konur þurf að hafa í huga að bílbeltið liggja ekki þvert yfir kvíð þeirra heldur undir kúlunni eða yfir mjaðmagrind.

Þótt mikilvægi bílbelta sé flestum ljóst eru enn margir sem hirta ekki um að nota þennan sjálfsagða öryggisbúnað. Aukin bílbeltanotkun getur fækkað banaslysum og fækkað mikið slösuðum.

#### Öryggi barna í bíl

Öryggisbelti eru hönnuð með öryggi fullorðinna að leiðarljósi og því er mikilvægt að börn sitji í sérútbúnum öryggisbúnaði sem hæfir hæð þeirra og þyngd. Þannig má barn sem er lægra en 150 cm á hæð ekki sitja í framsæti gegnt virkum öryggisþúða og barn sem er lægra en 135 cm á hæð skal ávallt vera í öryggis- og verndarbúnaði sem hæfir hæð þess og þyngd. Örugast er að hafa ungabarn í bílstól sem snýr baki í akstursstefnu og er mælt með því að nota bakvisandi stól til 3 ára aldurs, eða eins lengi og mögulegt er.

Til að tryggja öryggi barns í bíl er mikilvægt að huga að endingartíma og ástandi bílstólsins. Endingartími flestra barnabílstóla er 10 ár fá þeim degi sem hann er tekinn í notkun. Endingartími ungbarnabílstóla er hins vegar skemmri, eða innan við fimm ár. Það getur þó verið mismunandi eftir tegund og framleiðanda. Framleiðsluár stólsins kemur fram á miða sem er línður á stólinn eða stimplaður á botn hans. Rétt er að hafa í huga að bílstóll getur verið ónýtur þó svo að það sjáist ekki á honum og því er vitneskja um meðferð stólsins mikilvæg.

**Þetta er ekki flókið - spennum beltin!**

*F. h Heilbrigðisstofnunar Suðurlands  
Auðbjörg B. Bjarnadóttir,*

*Hjúkrunarstjóri heilsugæslustöðvarinnar á Kirkjubæjarklaustri.*

*Reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum má nálgast á heimasíðu samgöngustofu undir liðnum lög og reglur.*

## Föstudagshádegi í Nýheimum


Föstudagshádegi í Nýheimum verður haldið þann 05.10. og hefst dagskráin Kl. 12:30.

Að þessu sinni mun Körfuknattleiksdeild Sindra kynna starfsemi sína.

Súpa í boði frá kl 12.00 á 1000 kr.  
(ath. að ekki er tekið við kortum)



## Vegstytting yfir Hornafjarðarfljót



Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar gerir alvarlegar athugasemdir við að vegstytting yfir Hornafjarðarfljót skuli ekki vera að fullu fjármögnuð í samgönguáætlun, margra ára undirbúningsvinnu er lokið og framkvæmdaleyfi hefur verið gefið út. Bókun bæjarráðs frá fundi þess 1. október.

„Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar gerir alvarlegar athugasemdir við og lýsir miklum vonbrigðum yfir að vegstytting yfir Hornafjarðarfljót (hringvegur um Hornafjörð) skuli ekki vera að fullu fjármögnuð á samgönguáætlun og að framkvæmdum verði frestað til 2021. Það hefur verið einhugur í bæjarstjórnnum undanfarinna ára um framkvæmdina. Margra ára undirbúningsvinnu er lokið og framkvæmdaleyfi hefur verið gefið út. Bæjarráð skorar á samgönguráðherra og þingmenn að endurskoða framlagða áætlun. „

Fh.

Matthildar Ásmundadóttur bæjarstjóri  
S. 692 9015

# Barnastarfið í Hafnarkirkju

Á miðvikudögum í 5 vikur. Starfið hefst 10. október og lýkur 7. nóvember

Fyrir börn í 1-4 bekk. Frá kl. 16 – 16:45. Það kostar ekkert að vera með.

Skráning og nánari upplýsingar:  
<http://bjarnanesprestakall.is/aeskulydsstarf/>

Sjálfstæðisfélag Austur-Skaftafellssýslu auglýsir bæjarmálafund laugardaginn 6. október frá kl. 11-13 í húsi félagsins að Kirkjubraut 3.

Boðið verður uppá súpu. Bæjarfulltrúar og fulltrúar úr stjórn félagsins verða á staðnum til að ræða málin.

Allir velkomnir



## Ertu með frábæra hugmynd? opnað hefur verið fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð

**1 Menningarverkefni**  
Uppbyggingarsjóður styrkir menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi

**2 Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni**  
Uppbyggingarsjóður styrkir atvinnuskapandi og/eða framleiðniakandi verkefni á Suðurlandi

Starfandi fyrirtæki eru sérstaklega hvött til að sækja um



### RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland. Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna. Nánari upplýsingar á vef SASS.

Umsóknarfrestur er til kl. 16:00 þann 9. október 2018

@ STYRKIR@SASS.IS

WWW.SASS.IS

S. 480-8200



SASS  
SAMTÖK  
SUNNLEUSKRA  
SVEITARFÉLAGA



SÓKNARÁÆTLUN  
SUÐURLANDS



# Jólahlaðborð á Fosshotel Vatnajökli

Verð  
á mann  
9.900 kr.



## Fosshotel Vatnajökull ★ ★

slær upp glæsilegu jólahlaðborði  
30. nóvember og 1. 7. og 8. desember

Gisting,  
morgunverður  
og jólahlaðborð  
verð á mann aðeins  
14.950 kr.\*

· Gildir fyrir tvo í standard herbergi  
· Aukanótt 6.000 kr. á mann

\*Verð í eins manns herbergi  
18.900 kr.

### Matseðill

#### Forréttir

Jólakrydduð sætkartöflu- og graskerssúpa,  
grafinn og reyktur lax með tilheyrandi sósum,  
marineruð síld, dönsk lifrakæfa með beikoni og sveppum,  
kjúklingalíframús með þurrkuðum ávöxtum og hnetum,  
skelfisksalat með sítrusávöxtum.

#### Aðalréttir

Hangikjöt með uppstúf - hamborgarhryggur  
kalkúnabringur með sinnepssósu - purusteik með rauðvínssósu  
hreindýrabollur í villisveppasósu - grillað lambalæri

#### Eftirréttir

Súkkulaðikaka með hindberjasósu - crème brûlée  
bökuð epli með karamellu - ris a la mande með vaníllsósu.

Pantanir í síma 478 2555 og á [vatnajokull@fosshotel.is](mailto:vatnajokull@fosshotel.is)



SVÍNASKANKAR  
FERSKIR 1KG STK

**499** KR  
KG

ÁÐUR: 998 KR/KG



BAYONNE SKINKA

**998** KR  
KG

ÁÐUR: 1.995 KR/KG



GRÍSAHNAKKI  
SNEIÐAR

**1.499** KR  
KG

ÁÐUR: 1.998 KR/KG



LAMBALÆRI STUTT  
NÝSLÁTRÁÐ

**1.090** KR  
KG

ÁÐUR: 1.398 KR/KG



LAMBALEGGIR

**1.349** KR  
KG

ÁÐUR: 1.798 KR/KG



LAMBALÆRI  
ÚRBEINÁÐ MEÐ PIPARÓSTI

**1.999** KR  
KG

ÁÐUR: 2.855 KR/KG



NAUTALUNDIR  
2. flokkur

**2.999** KR  
KG

ÁÐUR: 3.998 KR/KG



NAUTAMJADMASTEIK

**1.998** KR  
KG

ÁÐUR: 2.498 KR/KG



GÆSABRINGUR

**3.198** KR  
KG

ÁÐUR: 3.998 KR/KG



DIT VALG SMOOTHI  
RAUÐ OG GRÆN

**395** KR  
STK

ÁÐUR: 549 KR/STK



PAGEN SAMLOKUBRAUÐ  
1,1KG FINT – 1,2KG GRÓFT  
SAMLOKUBOX FYLGIR

**344** KR  
KG

ÁÐUR: 459 KR/KG



GRANDIOSA PIZZUR

**499** KR  
STK

ÁÐUR: 679 KR/STK

GUL MELÓNA



nettó

ANUTSU

Tilboðin gilda 4. – 7. október 2018 [www.netto.is](http://www.netto.is)

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Íðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

[www.netto.is](http://www.netto.is)